

- 85 Við VI. lið:
9. okt. Í stað orðanna „Útanríkisverzlun með sjávarafurðir“ komi: Útflutningsverzlun. Eimskipafélag Íslands. Niður falli: Iðnaðarmál Einkaréttarleyfi. Einnig orðið „Veðurstofan“.

Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Í forsætisráðuneytinu, 9. október 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Birgir Thorlacius.

86
10. okt.

L Ö G

um heimild til lántöku vegna landbúnaðarframkvæmda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 20 millj. króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt og endurlána Búnaðarbanka Íslands með sömu kjörum og lánið er tekið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. október 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

87
13. okt.

L Ö G

um heimild til lántöku vegna áburðarverksmiðjunnar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 16 millj. króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri og endurlána Áburðarverksmiðjunni h.f. með sömu kjörum og lánið er tekið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. október 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.